



Dr. Björn Oddsson | Schachenstrasse 22a | CH-8645 Jona | Tel: +41 55 212 12 91 | mobile: +41 79 771 47 54
E-Mail: bjoern.oddsson@outlook.com

Deiliskipulagstillaga - Vébjarnarstaðir í Folaþæti í Súðarvíkurhreppi 14. maí 2020

Efnisyfirlit

Samþykktir.....	3
Önnur skipulagsgögn.....	3
1. Inngangur	4
1.1. Markmið.....	4
1.2. Málsmeðferð og kynning	4
2. Forsendur	4
2.1. Aðdragandi.....	4
2.2. Matsskylda og leyfi	5
2.3. Gildandi stefnumörkun.....	5
2.4. Skipulagssvæðið	7
2.5. Núverandi nýting	7
2.6. Staðhættir	7
2.7. Veðurfar	8
2.8. Gróðurfar	8
2.9. Náttúruminjar	9
2.10. Menningarminjar.....	9
2.11. Náttúruvá	10
3. Deiliskipulagið.....	10
3.1. Almenn	10
3.2. Lóðir og byggingarreitir	10
3.3. Framkvæmdareitur.....	11
3.4. Rannsóknir	11
3.5. Samgöngur	11
3.6. Veitur	11

3.7.	Lýsing	11
3.8.	Efnistaka.....	12
3.9.	Frágangur.....	12
3.10.	Menningarminjar.....	12
3.11.	Hverfisvernd.....	12
4.	Umhverfisáhrif.....	12
	Heimildir.....	14

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við

ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt

í skipulagsnefnd þann _____ 20____

og í sveitarstjórn þann _____ 20____.

Tillagan var auglýst frá _____ 20____

með athugasemdafresti til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20____.

Önnur skipulagsgögn

Deiliskipulagstillaga. Vébjarnarstaðir í Fölafæti í Súðarvíkurhreppi. Uppdráttur, blaðst. A1, dags. 14.05.2020.

1. Inngangur

Vinna við þróunarverkefni á jörðinni Folafæti á samnefndum skaga milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar hófst árið 2018 er landeigandi tók ákvörðun um að byggja skála, sem jafnframt því að vera eigið afdrep, gæti hýst hópa vísindamanna og samstarfsfólks sem ynni að rannsóknum og uppbyggingu á landareigninni. Enginn húsakostur er fyrir á allri landareigninni, en jörðin fór í eyði 1945 er síðasti ábúandi flutti þaðan. Bygging vísindaskálans er fyrsta skref og forsenda til að blása nýju lífi í nær gleymdan en náttúrufræðilega og menningarlega áhugaverðan og söguríkan stað.

Hér er sett fram deiliskipulag fyrir byggingu sjálfbærs vísindaskála, Vébjarnarstaðir í Folafæti í Súðavíkurbreppi. Með sjálfbær er hér átt við autark eða sjálfum sér nógur hvað varðar orku og vatnsnotkun. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurbrepps 2018-2030, en þar er svæðið skilgreint fyrir verslun og þjónustu (VP11) og hverfisvernd (HV5) auk gönguleiða. Deiliskipulagið er unnið skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br.

1.1. Markmið

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að gera mögulega uppbyggingu sjálfbærs rannsóknarseturs, sem jafnframt því að vera eigið afdrep, gæti hýst hópa vísindamanna og samstarfsfólks sem ynni að rannsóknum og uppbyggingu á landareigninni.

1.2. Málsmeðferð og kynning

Deiliskipulagslýsing var auglýst og send umsagnaraðilum með ábendingar- og athugasemdarfresti til 20.2.2020. Ábendingar bárust frá Minjastofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands og er tekið mið af þeim í deiliskipulagi þessu.

2. Forsendur

2.1. Aðdragandi

Þéttbýli í Folafæti byggðist upp, eins og mörg önnur sjávarþorp, vegna nálægðar við sjóinn og gjöful fiskimið. Fjölmenn byggð var í Folafæti í upphafi síðustu aldar en árið 1910 bjuggu yfir 100 manns á svæðinu samkvæmt manntali. Fyrir utan nokkur býli þar sem stundað var heimræði, það stærsta bújörðin Folafótur, sem ætíð gekk undir nafninu Heimabær, var mestmegnis um að ræða þurrabúðarfólk sem sótti sjóinn frá fjölmörgum sjóbýlum í landi Folafótar. Hér þróaðist sérstakt samfélag sem margir núlifandi tengjast með stolti eða rekja rætur sínar til. Upp úr 1910 fer byggðin í Fætinum að þynnast með tilkomu mótorbáta er auðveldar gátu sótt á fjarlægari mið og samfara vexti annarra betur staðsettra þéttbýliskjarna utar í Djúpinu. Enginn hefur búið á Folafæti frá því að síðasti ábúandinn fluttist þaðan burt árið 1945.

Auk fjölmargra tófta, steinhleðsla og túna í óráekt frá fyrri tíð er allmikið nær ósnert og að hluta til gróið landsvæði á Folafæti. Þar er og mikil náttúrufergurð og ber hæst hið tignarlega fjall Hest, en skaginn í heild sinni er talinn besta dæmi á Íslandi um sérstakt jökulmyndað landslagsform, svokallaða „Transfluenz“, er varð til er Folafótur aðskildist meginhálandi Vestfjarða við rof ísaldarjökla. Það er ekki aðeins sagan allt frá landnámi Vébjarnar Sygnakappa fram á 20. öld sem er samofin þessum stað, heldur einnig bókmenntirnar. Það mun engin tilviljun, að Halldór Laxness velur Folafót (Fótur undir Fótarfæti) sem sögusvið fyrsta bindis

skáldsögu sinnar með sjálfsævisögulegum bakgrunni, Heimsljós. Hér er að finna hinn svokallaða „kraftbirtingarhljóm almættisins“, sem gerir staðinn að hinu fyrirheitna landi nóbelskáldsins.

Fljótlega eftir að landeigandi uppgötvaði merkingu, mikilvægi og sérstöðu jarðarinnar, tók hann þá ákvörðun, að helga sig því takmarki að hlúa að og blása nýju lífi í þennan nær gleymda en náttúrufræðilega og menningarlega áhugaverða og söguríka stað. Hugmyndin er að gera landareignina að svokölluðu Geopark að alþjóðlegri fyrirmynd, svipað og UNESCO Geopark Alpe Apuane í Toskana-héraði á Ítalíu. Um er að ræða langtímaverkefni sem byggir á alhliða vísindarannsóknum og miðar að aukinni þekkingu er gæti þróast í miðlun hennar með sjálfbærri og umhverfisvænni ferðamennsku. Á Fölarfæti eru góðar aðstæður til rannsókna m.a. í líffræði, jarðfræði, veðurfræði, fornleifafræði, sögu, bókmenntum, sjálfbærni og byggingareðlisfræði. Bygging vísindaskálans er fyrsta skref og forsenda þess að ná ofangreindu takmarki.

Á undanförnum áratugum hafa Vestfirðir ýmist setið hjá eða dregist aftur úr öðrum landshlutum varðandi uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu sem og á ýmsum öðrum sviðum. Þetta hefur m.a. sýnt sig í umtalsverðri fólksfækkun í fjórðungnum. Svo virðist sem viðleitni til að snúa þessari þróun við sé farin að bera árangur. Horft er til þess að einmitt í þessari sérstöðu Vestfjarða varðandi fámenni og enn ósnortna náttúru felist vandmeðfarin sóknarfæri, ekki síst í ferðamennsku. Þannig bera ýmsar opinberar áætlanir með sér að stigið sé varlega til jarðar varðandi uppbyggingu á öllum sviðum samfélagsins. Fyrirhugað þróunarverkefni í Fölarfæti fellur vel að markmiðum sveitarfélagsins og Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi sjálfbæra ferðamennsku, varðveislu ósnortinnar náttúru, verndun menningarminja, styrkingu innviða og velferð íbúa í sveitarfélaginu.

2.2. Matsskylda og leyfi

Deiliskipulagið er ekki háð umhverfismati áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki tilgreindar í viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Byggingarleyfi sveitarfélagsins þarf fyrir byggingum skv. gr. 2.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Uppsetning bryggju er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar þarf fyrir starfseminni skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

2.3. Gildandi stefnumörkun

Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi í Fölarfæti eða aðliggjandi jörðum.

Aðalskipulag

Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við *Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030*. Samkvæmt aðalskipulaginu er landnotkun á svæðinu skilgreind sem *verslunar- og þjónustusvæði VP11*, sem er í jaðri skilgreinds *hverfisverndarsvæðis HV5*. Í aðalskipulaginu er einnig gert ráð fyrir *vatnsbóli VB2* og um Fölarfót liggja gönguleiðir en að öðru leyti er landið skilgreint sem *óbyggt svæði*.

Tafla 2-1 Stefna aðalskipulags sem varða deiliskipulagið.

Landnotkun	Stefna
ÓB Óbyggð svæði	Gert er ráð fyrir nýtingu hlunninda á eyðijörðum utan landbúnaðarsvæða. Taka skal mið af hefð og sögu svæðisins. Hefðbundnar hlunnindanyrtjar landeigenda og ábúenda geta m.a. falið í sér: beit, útivist, veiðar og skógrækt. Nýting á óbyggðum svæðum skal vera í samræmi við önnur markmið er snúa að vernd náttúru og menningarminja og aðgengi að útivist
HV Hverfisvernd	Að tryggja verndun þeirra auðlinda og menningarverðmæta sem hafa verndargildi eða geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu. Að tryggja að tengsl sveitarfélagsins við söguna glattist ekki. Við deiliskipulagsgerð á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruvinnjaskrá skal gera sérstaka greiningu á áhrifum skipulagsins. Hafa skal samráð við Minjastofnun Íslands við deiliskipulagsgerð á svæðum sem njóta hverfisverndar vegna menningarminja.
VP Verslun og þjónusta	Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstöðum í atvinnulífi hreppsins. Með sjálfbærri ferðaþjónustu er átt við ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

Tafla 2-2 Ákvæði aðalskipulags fyrir einstök svæði.

Auðkenni svæðis	Lýsing	Ákvæði
ÓB	Eyðijörð Fofafótur	Ekki er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu vegna ferðaþjónustu á óbyggðum svæðum. Svigrúm er þó fyrir minni háttar ferðaþjónustu í samræmi við þann húsakost er er til staðar eða aðalskipulagið heimilar. Byggja má kamar þar sem gistinætur eru áætlaðar 50 eða fleiri.
HV 5 413 ha Fofafótur Geopark	Sérstætt menningarlandslag, mikill þéttleiki fornminja. Við svæðið er verslunar og þjónustusvæði VP11.	Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins. Við uppbyggingu skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins og möguleika þess sem fræðslu- og útivistarsvæðis. Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki. Framkvæmdir skulu falla vel að menningarlandslaginu og taka mið af sögu, landslagi og lífríki svæðisins. Nánari staðsetning mannvirkja skal ákvörðuð í deiliskipulagi. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
VP 11 Fofafótur Geopark	Menningar- og vísindasetur Vébarnarstaðir	Rannsóknarsetur með þjónustu og aðstöðu fyrir fræðimenn og ferðamenn. Heimilt að byggja allt að 200 m² þjónustuhús með svefnaðstöðu og allt að 40 m² geymsluskúr í nágreinni við Fótartraðir. Uppbygging með sjálfbærni að leiðarljósi. Gæta skal að ásýnd; arkitektúr og efnisval skal taka mið af byggingarhefðum á svæðinu og umhverfinu. Aðkoma um Hest frá Hestfirði. Jafnframt er svigrúm fyrir gerð bryggju við framkvæmdasvæðið í Seyðisfirði. Hluti jarðarinnar er hverfisverndaður og því þarf uppbygging innan þess svæðis að taka mið af ákvæðum verndarinnar. Gert ráð fyrir vatnsbóli við Álfalág og lítilli vindmyllu fyrir raforku í setrinu. Jafnframt er svigrúm til nýtingar jarðvarma.

2.4. Skipulagssvæðið

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til er samanlagt um 68 ha og liggur á norðvestanverðum skaganum Folafæti við Seyðisfjörð. Deiliskipulagssvæðið er óbyggt land og er hluti eyðijarðarinnar Folafótar. Það er tvískipt, en efra svæðið er um 53 ha að stærð og liggur uppi á hryggnum á milli Álfalágar í vestri og Sniðhjalla-Múlahjalla í austri í um 80 m hæð yfir sjávarmáli. Neðra svæðið er um 15 ha og liggur neðan fjörubakkans við Seyðisfjörð.

Svæðið er mjög afskekkt og án vegtengingar við Djúpvæg. Aðkoma landleiðis er Hestfjarðarmegin skagans um jörðina Hest. Heimreið frá Þjóðvegi nr. 61 (Djúpvægur) liggur að Hesti og þaðan liggur gamall vegslóði að skipulagssvæðinu, sem í aðalskipulagi er skilgreindur sem gönguleið. Leiðin er um 7 km í heild og þaðan eru um 50 km til Súðavíkur, en til Ísafjarðar um 70 km.

2.5. Núverandi nýting

Á landareigninni er engin starfsemi eða húsakostur. Engir innviðir eru á svæðinu s.s. rafmagn, vatnsveita eða fráveita. Gamall vegslóði liggur um landið en hann er skilgreindur sem gönguleið í *Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030*. Skv. aðalskipulaginu er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði VP11 og hverfisverndunarsvæði HV5.

2.6. Staðhættir

Efra skipulagssvæðið tekur til háhryggjarins fyrir ofan eyðibýlið Folafót (Fót, Heimabæ). Þar skiptast á flatir stighækkandi hjallar, sem samsvara hraunlögum berggrunnsins, og aflíðandi brekkur. Vestast skerst inn giljadrugið Álfalág, en um það seytlar árstíðabundið leysingavatn. Svæðið liggur vel ofan túna jarðarinnar. Þar skiptast á berar jökulsorfnar klappir, vindrofnir melar og lyngi- og mosagrónir flákar. Á þessu svæði hefur aldrei verið nein starfsemi. Neðra svæðið er, að undantekinni mjórri landræmu neðan fjörubakkans, er að mestu leyti neðan sjávarmáls. Ströndin er ógróin, þakin grófri mól og hnúllungum með stökum klöppum.



Mynd 2-1 Fyrirhugað skálastæði á Folafæti, horft til suðurs.



Mynd 2-2 Fyrirhugað skálastæði á Folaþæti, horft til norð-norðvesturs.

2.7. Veðurfar


Úrkoma, vindátt og vindhraði eru mjög staðbundin vegna landslags og því er erfitt að heimfæra athuganir veðurstöðva yfir á aðra staði í hreppnum. Víða er skjólsælt í fjörðunum þegar vindur stendur af vestri eða austri en firðirnir eru opnir fyrir norðanáttum. Vindatlas Veðurstofu Íslands sýnir gróflega tíðni vindátta í sveitarfélaginu. Reiknipunktur næst Folaþæti sýna ríkjandi vindáttir úr suðaustri og norðaustri en lága tíðni norðanvinda. Svo virðist ennfremur sem Vigur og Folaþótur liggja í vindlægð í Ísafjarðardjúpi. Hafa þarf þó í huga að atlasinn kemur ekki í stað hefðbundinna mælinga.

2.8. Gróðurfar

Tafla 2-3 sýnir vistgerðir sem fyrirfinnast á skipulagssvæðinu skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, <http://vistgerdakort.ni.is/>

Tafla 2-3 Vistgerðir á skipulagssvæðinu

Vistgerð	Vistgerðarnúmer	Verndargildi
Mosamelavist	L1.3	Lágt
Hraungambravist	L5.3	Lágt
Lyngmóavist á láglendi	L10.8	Miðlungs
Fjalldrapamóavist	L10.6	Miðlungs
Starungsmýravist	L8.9	Mjög hátt
Þangfjörur	F1.3	Breytilegt



Mynd 2-3 Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (skjáskot af heimasíðu NÍ, 29. 11. 2019).

2.9. Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er hvorki á náttúruminjaskrá né innan vatnsverndarsvæðis skv. *Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030*.

2.10. Menningarminjar

Á Foflafæti er mikill þéttleiki fornminja, veggjarústa og tófta, tengdum fyrri búsetu. Þær eru einskorðaðar við láglendi við ströndina. Könnun á byggingarstað leiddi í ljós, að engin merki eru um að byggingar eða aðrar mannvistarminjar séu innan deiliskipulagssvæðisins. Þar sem laus jarðvegur er hverfandi á svæðinu er einnig ólíklegt að fornminjar leynist þar í jörðu. Hafa ber í huga, að fæstum nútímamönnum kæmi til hugar að reisa

byggingu á þessum stað enda er sú framkvæmd krefjandi þrátt fyrir nýjustu byggingartækni. Engar fornminjar eru því taldar í námunda við eða innan efra skipulagssvæðisins. Neðra skipulagssvæðið er í mikilli nálægð við fornminjar. Fornleifaskráningu er ekki lokið.

Í ábendingum Minjastofnunar frá 11.2.2020 við auglýsta skipulagslýsingu kemur fram að minjar frá smábátaútgerð kunni að leynast við fjöruborðið eða neðansjávar. Það er þó fremur ólíklegt, þar sem ekki var róið á stærri bátum úr Folaþæti en sexæringum, sem ýmist voru dregnir eða bornir á land með handafli. Traðarvör er með tilliti til öldugangs álitlegasti staðurinn til lendingar að sögn kunnugra. Traðarvörin sást greinilega fram til 1994 en þá gerði mikið brim um haustið og svo aftur í byrjun árs 1995. Síðan sést hún vart, grjótið þar fór allt af stað í óveðrunum og hvarf á meira dýpi.

2.11. Náttúruvá

Í *Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030* eru náttúruhamfarir flokkaðar undir hugtakið náttúruvá og gæti eftirfarandi átt við á svæðinu: ofanflóðahætta, flóð frá sjó og fárviðri.

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun.

Ofanflóðahætta

Ofanflóð úr hlíðum Hestfjalls að bæjarstæðinu eru vart hugsanleg og engin ummerki um að slíkt hafi gerst. Halli á svæðinu, samkvæmt mynd 4.3 í aðalskipulagi, er um 0 – 7 gráður. Úthlaupshorn frá fjallsbrún er um 10 gráður. Engin hætta er talin af ofanflóðum ef úthlaupshorn er undir 15 gráðum.

Flóð frá sjó

Efra skipulagssvæðið liggur í um 80 m hæð yfir sjávarmáli og byggingarreitur í að minnsta kosti 0,5 km fjarlægð frá ströndinni. Ekki er vitað að hamfaraflóð t.d. vegna hafskjálfta eða berghlaups hafi náð þeirri hæð við Íslandsstrendur á jarðsögulegum nútíma. Því má teljast nær útilokað að sjávarflóð gæti náð til efra skipulagssvæðisins. Neðra skipulagssvæðið liggur við fjöruborð og neðan sjávarmáls og þarf hönnun mannvirkja að taka mið af áhættu vegna sjávarflóða.

Fárviðri

Gera má ráð fyrir að ekki sé meiri hætta á fárviðri á deiliskipulagssvæðinu en á öðrum stöðum í sveitarfélaginu, sbr. kafla 2.7.

3. Deiliskipulagið

3.1. Almennt

Skipulagssvæðið er ætlað fyrir sjálfbært rannsóknarsetur með gisti- og vinnuaðstöðu ásamt baðhúsi með kaldri laug. Ennfremur er gert ráð fyrir afgirtum grasagarði og verndun svæða ætluðum til náttúruannsóka. Neðra skipulagssvæðið er ætlað fyrir smábátabryggju og geymsluskúr.

3.2. Lóðir og byggingarreitir

Lóð A

Lóð A er 5,8 ha að stærð og ætluð fyrir rannsóknarsetur. Innan byggingarreits er heimilt að reisa þjónustuhús með svefnaðstöðu auk geymslna og tækjabúnaðar. Gert er ráð fyrir tvílyftu timburhúsi með risþaki. Innan byggingarreits er einnig heimilt að reisa lítið baðhús með kaldri laug. Samanlagt heildarflatarmál bygginga innan byggingarreits er 200 m². Við hönnun bygginga skal sjálfbærni höfð að leiðarljósi og að arkitektúr og efnisval taki mið af byggingarhefð og landslagi á svæðinu. Gert er ráð fyrir að ytra byrði bygginga verði viðar-, stein- og/eða málmklætt og að útsýni úr skálanum til vestur og norðurs verði tryggt. Hönnun hússins miðist við að lágmarka orkunotkun og orkutap og með sjálfbærni að leiðarljósi þannig að orkuþörf verði að mestu leyti mætt með endurnýjanlegri orku. Heimilt er að klæða þakið með sólarpanel. Heimilt er að setja upp

litla vindmyllu á þak hússins eða á hentugum stað innan efra skipulagssvæðisins. Til viðbótar er gert ráð fyrir notkun gass og viðar til eldunar og kyndingar.

Lóð B

Lóð B er 0,85 ha að stærð og ætluð fyrir allt að 40 m² geymsluskúr. Útlit geymsluskúrs skal vera í samræmi við útliti bygginga á lóð A og sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Lóðin er í meira en 50 m frá sjávarmáli.

Stór hluti skipulagssvæðanna er hverfisverndaður og því þarf uppbygging innan þeirra að taka mið af ákvæðum verndarinnar, sjá kafla 3.11 Hverfisvernd.

3.3. Framkvæmdareitur

Á neðra skipulagssvæðinu eru afmarkaðir tveir framkvæmdareitir, vegna óvissu um hentuga staðsetningu bryggju m.t.t. lendingar og hugsanlegra fornminja.

Innan framkvæmdareits C á neðra skipulagssvæðinu er heimilt að reisa litla bryggju með lausri uppdraganlegri framlengingu. Hönnun bryggjunnar skal taka mið af hættu á sjávarflóðum og gæta þess að hún falli vel að landslaginu. Tryggja skal að framkvæmdir raski ekki mögulegum fornminjum, sbr. kafla 3.10 Menningarminjar.

Ef ekki finnst hentugur staður fyrir bryggju innan framkvæmdareits C færast allar heimildir af honum yfir á framkvæmdareit D.

3.4. Rannsóknir

Innan efra skipulagssvæðisins er heimilt að stunda rannsóknir á náttúru, s.s. á staðargróðri og í afgirtum grasagarði. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við allar rannsóknir.

3.5. Samgöngur

Aðkoma að skipulagssvæðinu verður um Hest frá Hestfirði og um bryggju í Seyðisfirði.

Gert er ráð fyrir að byggingarefni verði flutt um gönguleiðina og bryggjuna en áhersla verður á sjálfbærni og byggingartækni sem samsvarar því sem nýtt er á afskekktum svæðum Alpanna í Sviss. Gönguleiðin verður einnig nýtt fyrir neyðarbíla, íbúa og aðföng en að öðru leyti er aðeins gert ráð fyrir gangandi umferð um hana. Gert er ráð fyrir að gönguleiðin verði lokuð fyrir óviðkomandi vélknúin ökutæki með læsanlegu hliði.

3.6. Veitur

Ekki er gert ráð fyrir að tengjast innviðum í nágrenninu heldur verður miðað við staðbundnar sjálfbærar lausnir og lágmarks orkunotkun.

Umhverfis skálabygginguna er gert ráð fyrir drenlög्न fyrir yfirborðs- og regnvatn.

Gert er ráð fyrir vatnsbóli um 150 m fjarlægð ofan lóðar og er gert ráð fyrir söfnun vatns í geymi við vatnsbólið og/eða við skálann. Einnig er svigrúm fyrir sambærilegri vatnstöku í Álfalág, um 100 m ofan lóðar, auk regnvatnssöfnunar af þaki skálabyggingarinnar í þar til gerðan geymi.

Í stað hefðbundinnar rotþróar er heimilt að hreinsa frárennsli í niðurgrafinni lífrænni hreinsistöð sem skal viðurkennd af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Hreinsistöðin verður staðsett skammt neðan við skálann.

Gert er ráð fyrir að orkuþörf verði að mestu leyti mætt með endurnýjanlegri orku, s.s. með sólarpanel á þaki og/eða með lítilli vindmyllu á þaki hússins eða á hentugum stað innan skipulagssvæðisins. Til viðbótar er gert ráð fyrir notkun gass og viðar til eldunar og kyndingar.

3.7. Lýsing

Meginnýting svæðisins er yfir sumartímann og þörf á raflýsingu því óveruleg og miðar að lágmarks orkunotkun. Gert er ráð fyrir viðvarandi öryggisljósi á gaffli og við dyr skálans og það tryggt að heildarljós magn verði lítið þannig að ljósmengun á svæðinu verði hverfandi.

3.8. Efnistaka

Gert er ráð fyrir minniháttar efnistöku á staðnum vegna byggingarframkvæmda, s.s. steypusandur og mól í fjörunni en að grjóti verði að mestu safnað innan skipulagssvæðisins. Gert ráð fyrir að safna lausri mól og grjóti úr grunni hreinsistöðvar, skurði drenlagnar og af yfirborði lóðarinnar. Staðið skal þannig að efnistöku að sem minnst jarðrask hljóttist af. Efnispörf er um 30 m³ en ef ekki fæst nægilegt magn án rasks skal efni sótt í opna námu innan sveitarfélagsins.

3.9. Frágangur

Nýta skal minnstu mögulegu vinnutæki við allar framkvæmdir. Uppgráfin efni skulu aðskilin þannig að viðeigandi efni nýtist við framkvæmdir. Svarðlagi skal haldið til haga og tryggt að það skemmist ekki. Skurðir og annað rask skal fyllt með afgangsefnum uppgrafter, sléttað yfir og svarðlagið nýtt til frágangs. Hlúð skal að staðbundnum gróðri. Sérstök áhersla er á góðan frágang og að rask verði í algjöru lágmarki.

3.10. Menningarminjar

Staðfest fornleifaskráning innan framkvæmdareits fyrir bryggju og geymsluskúr skal liggja fyrir áður en framkvæmd við bryggjusmíði hefst. Taka skal mið af skráningunni og hlýta tilmælum Minjastofnunar. Tryggja skal að minjum verði ekki raskað.

Samkvæmt 2. mgr. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gildir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks, skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo skjótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

3.11. Hverfisvernd

Um helmingur efra skipulagssvæðisins og stór hluti neðra svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja verndun náttúru- og menningarverðmæta og að tryggja að tengsl sveitarfélagsins við söguna glatist ekki.

Leggja skal áherslu á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins. Við uppbyggingu skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins og möguleika þess sem fræðslu- og útivistarsvæðis. Tryggja skal að framkvæmdir falli vel að menningarlandslaginu og taki mið af sögu, landslagi og lífríki svæðisins. Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki, sbr. kafla 3.10 Menningarminjar.

4. Umhverfisáhrif

Til að tryggja að tekið sé tillit til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulagið sé í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags er gerð greining á áhrifum deiliskipulagsins á hinu hverfisverndaða svæði HV5, í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins. Greiningin fjallar um þá umhverfispætti sem líklegt er að verði fyrir áhrifum samkvæmt viðauka aðalskipulagsins, en þeir eru: Byggð, mannvirki og önnur verðmæti, innviðir, starfsemi og önnur nýting, heilsa og öryggi, menningarminjar, landslag og ásjúnd, gróður og dýralíf, vatn (tafla 4.1).

Tafla 4-1 Greining á áhrifum deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli

Umhverfispættir	Þættir til athugunar	Greining
Byggð	Samsvörun við landslag og núverandi byggð	+
	Byggðamynstur	0
	Sérstaða byggðar	+
	Ásýnd svæðisins miðað við fyrri búsetu (þar sem við á)	++
Mannvirki og önnur verðmæti	Samsvörun húsagerðar, stærðarhlutfalla og efnisnotkunar við eldri og fyrri byggð og byggingarstíl (þar sem við á)	+
	Lóðastærðir miðað við umhverfi	0
	Heildarstærð framkvæmdasvæðis miðað við umhverfi	0
Innviðir	Samnýting innviða, s.s. veitna	0
	Aðlögun innviða að umhverfi	+
	Umferð og samgönguleiðir	-
	Þjónusta	++
Starfsemi og önnur nýting	Þróunarmöguleikar	++
	Ímynd	++
	Daglegur rekstur	++
Heilsa og öryggi	Mengun	0
	Slysaætta, hávaði eða annars konar ónæði	0
	Hætta vegna náttúruvár, s.s. ofanflóð, sjávarflóð eða ofsaveður	+
Menningarminjar	Fornminjar	0
	Búsetulandslag og menningarsaga	-
	Bæjarleiðir	0
	Kennileiti	0
	Sérstaða	+
Landslag og ásýnd	Landslagsheildir	0
	Sérstaða landslags	0
	Lítt snortin náttúra	0
	Friðlýstar náttúruminjar	0
	Náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd	0
	Heildarmynd svæðisins	0
	Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði	0
Gróður og dýralíf	Gróðurfar	+
	Dýralíf og búsvæði dýra	0
	Líffræðileg fjölbreytni	0
	Sérstaða gróðurs og dýralífs	0
Vatn	Vatnsgæði og vatnabúskapur	0
	Votlendi	0
	Sérstaða vatns/votlendis	0
Loftslag	Loftslagsbreytingar, svo sem vegna losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Þættir til að milda og aðlagast	0

Skýingar

++	Veruleg jákvæð áhrif	-	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	--	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif	?	Óvissa um áhrif / vantar upplýsingar

Greiningin sýnir að framfylgd deiliskipulagsins mun engin eða óveruleg áhrif hafa á flestalla ofangreinda þætti. Hins vegar má leiða að því sterkum líkum, að fyrirhuguð starfsemi á Fólafæti muni stuðla að aukinni þekkingu á náttúrufræði, sögu og menningu staðarins og auka meðvitund um sérstöðu hans og ánægju gesta og íbúa sem þangað leggja leið sína og hafa þannig veruleg jákvæð áhrif.

Heimildir

Náttúrufraeðistofnun Íslands. <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir/verndargildi>

Fjórðungssamband Vestfjarða. 2015. Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref. 24. maí 2016

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030

Ýmis gögn Súðavíkurhrepps

Ýmis gögn Verkís ehf.

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013